

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (II).

#### 1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010 frá 9. desember 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

#### 2. gr.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin er upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 og velferðarráðuneytið fer með.

Í reglugerð nr. 861/2012 er kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 og fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með.

#### 3. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 34, frá 21. júní 2012, bls. 29, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 54 frá 27. september 2012, bls. 230, eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, og 55. gr., sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um sjúkra-tryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 5. október 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

Nr. 860

5. október 2012

## Fylgiskjal 1.

### ÁKVÖRÐUN SAMEGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 18/2012

2012/EES/34/18

frá 10. febrúar 2012

#### um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggji) við EES-samninginn

SAMEGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. við auka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 (¹).
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð fram kvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010 frá 9. desember 2010 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (²).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr:

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 1244:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010 frá 9. desember 2010 (Stjórið. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35).“

2. gr:

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1244/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011(³), hvort sem ber upp síðar.

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Gianluca Grippa*

starfandi formaður.

(¹) Stjórið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 17, og EES-viðbætir við Stjórið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 21.

(²) Stjórið. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(³) Stjórið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 33, og EES-viðbætir við Stjórið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

Nr. 860

5. október 2012

## Fylgiskjal 2.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1244/2010

2012/EES/54/14

frá 9. desember 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (\*)

(Texti sem varðar EES og Sviss)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa<sup>(2)</sup>, einkum 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tvö aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 verði breytt.
- 2) Tiltekin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að 1. og 2. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 verði breytt.
- 3) Nauðsynlegt er að aðlagða VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og 1. og 2. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 til að taka tillit til nýrrar þróunar sem orðið hefur á löggjöf aðildarríkjanna og tryggja hagsmunaaðilum gagnsæi og réttaröryggi.
- 4) Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa hefur samþykkt breytingarnar.
- 5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóri. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21.6.2012, bls. 29.

(<sup>1</sup>) Stjóri. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjóri. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

- a) Í staði liðarins „PORTÚGAL“ í 1. hluta komi eftirfarandi:

„PORTÚGAL

Allar umsóknir um örorku-, elli- og eftirlifendalífeyrir, þó ekki í þeim tilvikum þar sem samanlöögð tryggingatímabil, sem er lokið samkvæmt löggjöf í fleiri aðildarríkjum en einu, jafngilda 21 almanaksári eða meira en innlend tryggingatímabil eru 20 ár eða styttri og útreikningur er gerður skv. 32. og 33. gr. lagaúrskurðar nr. 187/2007 frá 10. maí 2007.“

- b) Í 2. hluta bætist eftirfarandi nýr liður við á eftir liðnum „PÓLLAND“:

„PORTÚGAL

Viðbótarlífeyrir er veittur samkvæmt lagaúrskurði nr. 26/2008 frá 22. febrúar 2008 (opinbert fjármögnunarferfi).“

2. Liðnum „HOLLAND“ í I. hluta IX. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í staðinn fyrir „Lög frá 18. febrúar 1966 um örorkutryggingar fyrir launþega (WAO), með áorðnum breytingum“ komi „Lög frá 18. febrúar 1966 um tryggingar vegna fötlunar (WAO), með áorðnum breytingum“.

- b) Í staðinn fyrir „Lög frá 24. apríl 1997 um örorkutryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ), með áorðnum breytingum“ komi „Lög frá 24. apríl 1997 um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ), með áorðnum breytingum“.

- c) Í staðinn fyrir „Lög frá 21. desember 1995 um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna (ANW)“ komi „Lög frá 21. desember 1995 um almennar tryggingar eftirlifenda (ANW)“.

- d) Í staðinn fyrir „Lög frá 10. nóvember 2005 um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA)“ komi „Atvinna og tekjur samkvæmt lögum frá 10. nóvember 2005 um starfsgetu (WIA)“.

Nr. 860

5. október 2012

Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í liðnum „BELGÍA-HOLLAND“ falli a-liður brott.
- b) Liðurinn „ÞÝSKALAND-HOLLAND“ falli brott.

d) Liðurinn „DANMÖRK-LÚXEMBORG“ falli brott.

2. Í stað „31. og 41. gr.“ í fyrirsögn 2. viðauka komi „2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 41. gr.“

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*förseti.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2012